

Útiskóli

1. bekkur, Spóar og Krummar

Markmið:

- Þekkt nánasta umhverfi sitt og gert sér grein fyrir stöðu ýmissa kennileita
- Þekkja fjöll í kringum fjörðinn og áttir sem staðsetja hluti í nærumhverfi
- skoði veður og geri sér grein fyrir því hvernig veður breytist milli daga og árstíða
- tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum,
- sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því
- komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu,
- gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana
- sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni
- tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum,
- aflað sér upplýsinga er varða náttúruna,
- skráð atburði og athuganir s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim,
- tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð,
- skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð,
- nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum,
- rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns,
- tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.
- lýst landnotkun í heimabyggð,
- fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð,
- lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks,
- notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar til að lýsa heimabyggð.
- rætt fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu,
- lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og tengt hitastig við daglegt líf.
- sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi,
- útskýrt einkenni lifandi vera, skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfi,
- lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu,
- Sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða.

Hugtök: Nærumhverfi, sjálfbærni, umhverfi, dýralíf, austur, vestur, norður, austur,